

HÍ

RÁÐSTEFNA NÁMSBRAUTAR Í TÓMSTUNDAFRÆÐI

# MIKILVÆGIR AÐRIR Í LÍFI FÓLKS - 25 ÁRA AFMÆLI NÁMSLEIÐAR

**27. mars**

**Kl. 09.30 - 14.30**

**SAGA, Stofa S-114**

**VERIÐ ÖLL VELKOMIN**

Tómstundadagurinn 2026

# LÁTUM EKKI SITJA VIÐ ORÐIN TÓM

## UM STARF ORÐANEFNDAR Í TÓMSTUNDAFRÆÐI



**Hulda Valdís Valdimarsdóttir**

Verkefnisstjóri Frístundaskrifstofu SFS

**Föstudaginn 27. mars**
**Klukkan 9.30 - 14.30**

**Sögu - Menntavísindasviði Háskóla Íslands**



# Látum ekki sitja við orðin tóm

….í orðanefnd í tómstundafræði

Hulda Valdís Valdimarsdóttir

# „Látum ekki sitja við orðin tóm“

Þýðir að efna loforð, fylgja orðum eftir með efndum, eða láta verkin tala frekar en að tala eingöngu. Þetta orðalag er hvatning til að grípa til aðgerða og tryggja að fyrirætlanir verði að veruleika.

Íslenskt orðanet

# Örsagan

Ungt fræðasvið og fagvettvangur á Íslandi

→ Óskýr umræða um tómstundir, frístundir, æskulýðsmál og skyld svið

→ Brýnt að styrkja faglega orðræðu með stofnun orðanefndar og útgáfu orðasafns.

→ Orðanefnd í tómstundafræði var stofnuð í júní 2013

→ Útgáfa á orðasafni með grunnhugtökum 2019

→ Orðasafn í tómstundafræði hluti af Íðorðabanka Árnastofnunar og öllum aðgengilegt!



# Orðanefndin

- Ágústa Þorbergsdóttir
  - Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum
- Eygló Rúnarsdóttir
  - Menntavísindasvið HÍ – Tómstunda- og félagsmálafræði
- Hulda Valdís Valdimarsdóttir
  - Félag fagfólks í frítímaþjónustu og frístundaskrifstofa Reykjavíkurborgar
- Jakob F. Þorsteinsson
  - Menntavísindasvið HÍ – Tómstunda- og félagsmálafræði
- Ása Helga Proppé Ragnarsdóttir
  - Menntavísindasvið HÍ – Fyrrverandi aðjúnkt í kennslufræði leiklistar
- Ýmsir aðrir góðir vertíðarbundnir þátttakendur

Íðorðabankinn
Árnastofnun

tómstundafræði | Tómstundafræði | X | Leita

< Til baka á forsíðu

Uppflettiorð: **Tómstundafræði**

- aðalfundur
- aflfræði hópa
- afmarkað ævintýranám
- afþreying
- afþreyingargildi
- alhæfing
- almannaheillasamtök
- alþjóðleg félagasamtök
- andvörpunarsvæði
- ákvörðunarvald

## Tómstundafræði

Fjöldi hugtaka í orðasafni: 148

Nánar um orðasafnið | Tölvupóstur til ritstjórnar

Leitarorð: **tómstundafræði**

Öll orðasöfn (1) | Tómstundafræði (1)

Raða eftir: íslenska (1) | enska (1)

*IS*: **tómstundafræði**, *EN*: **leisure studies** *sh*: recreation studies

Fræðigrein sem fjallar um og greinir tómstundir sem persónulegan og félagslegan farveg menntunar, menningar, velferðar, afþreyingar, uppeldis og lýðræðislegrar þátttöku einstaklinga.

**Úr orðasafninu** ***Tómstundafræði***

# Af hverju erum við í þessu stússi?

- Markmiðið er að samræma og skýra hugtakanotkun
- Mörk íðorða og almennra orða eru oft óljós
- Er ekki bara glíma við orð heldur hugtök
    - Skilgreining
    - Skýring
    - Ensk og skandinavísk orð þar sem það á við
    - Sjá einnig – tenging við önnur hugtök
    - Samheiti
- Samtal við vettvang og endurgjöf
- Starfið er skemmtilegt og það er gaman á fundum!



# Litlir sigrar



- Styrkur til starfsins í tvígang úr Málræktarsjóði
- Fyrsta prentaða útgáfa orðasafns í tómstundafræði 2019
- 86 skráðar fundargerðir
- Birt 148 orð (af 400) - forgangsröðun
  - Fagorð
  - Leikjaorð
  - Útilífsorð
- Tengsl við stefnumótun í æskulýðsmálum, tómstunda- og frístundastarfi – forða skilgreiningar- og hugtakavanda

# Dæmi:



## tómstundir

Tengill

***Flokkun***: A

*Samheiti*: frístundir

***Skilgreining:*** Meðvituð athöfn í frítíma sem byggir á frjálsu vali einstaklingsins, skapar tækifæri til reynslu og hefur jákvæð áhrif á velferð og lífsgæði.

***Skýring:*** Tómstundir eiga sér yfirleitt stað í frítíma en ekki er allt sem gert er í frítíma tómstundir. Á Íslandi er sú orðræða ríkjandi að líta ekki á ýmsa niðurbrjótandi hegðun sem fram fer í frítíma, s.s. óhóflega áfengisneyslu eða skemmdarverk, sem tómstundir. Frekar er litið á tómstundir sem uppbyggjandi og jákvæðar athafnir. Skilyrði fyrir því að tómstundir standi undir nafni er að einstaklingur líti sjálfur á þær sem slíkar. Til eru ýmsir undirfl okkar eða nálganir á eðli tómstunda, s.s. virkar (e. active) og óvirkar (e. emotional/passive) tómstundir, tilgangsmeiri (e. serious) og tilgangsminni (e. casual) tómstundir og sumir skilgreina einnig löglegar (e. legal) og ólöglegar (e. illegal) tómstundir. Sú síðastnefnda fellur ekki að íslenskri orðræðu þar sem tómstundir eru alla jafna taldar vera uppbyggilegar og jákvæðar.
Flokka má tegundir tómstunda samkvæmt pýramída Nash í:
□ sköpun (e. creativity), s.s. að semja tónlist eða mála málverk,afna taldar vera uppbyggilegar og jákvæðar.
□ virka þátttöku (e. active participation), s.s. að spila tónlist og taka þátt í íþróttum,
□ tilfinningalega þátttöku (e. emotional participation), s.s. að hlusta á tónlist og fara í leikhús,
□ einfalda skemmtun (e. simple amusement and entertainment), s.s. að horfa á bíómynd.
Í líkani Nash eru einnig tilgreind neikvæð hegðun í frítíma sem ekki falla undir íslenskan skilning á hugtakinu tómstundir:
□ þroskahamlandi viðfangsefni (e. retardation of self-development), s.s. neysla áfengis og að spila fjárhættuspil, og að lokum
□ andfélagsleg viðfangsefni (e. acts performed against society), s.s. afbrot og skemmdarverk.

***Sjá einnig:***

› *enska*: **leisure**

*Samheiti*: recreation

## hópamyndun

***Flokkun***: A fræðileg hugtök

***Skilgreining:*** Það að einstaklingar hópa sig saman við tilteknar aðstæður eða athafnir.

***Skýring:*** Hugtakið hópamyndun er einkum notað yfir óæskilega hópamyndun unglinga þar sem hóparnir sýna áhættuhegðun.

***Sjá einnig:*** aflfræði hópa, hópþrýstingur, hópaþróun

**Úr orðasafninu *Tómstundafræði*, síðast breytt 8.10.2018**



# Nýjasta nýtt

- Vettvangsstarf félagsmiðstöðva
- Mikilvægir aðrir – e. important others
- Hópleiðari – e. group facilitator
- Hópfræði – e. groupology
- Leisure functioning
- Tween

# Erindi til orðanefndar




Hugmyndir að hugtökum og spjall í kaffipásunni!



# Takk fyrir



Mynd tekin á fyrsta fundi orðanefndar í tómstundafræði í júní 2013



